



**SJÁLFBOÐALÍÐAR**



**Handknattleikur**



**Blak**



**Knattspyrna**



**Borðtennis**



**Taekwondo**



**Dans**



**Bandý**

## Sjálfbóðaliðar

Eins og öll önnur íþróttafélög er Handknattleiksfélag Kópavogs (HK) eingöngu starfhæft vegna mikillar vinnu fjölmargra ósérhlífina sjálfbóðaliða. HK er ekki stofnun né hluti af samfélagsþjónustu Kópavogsbæjar heldur eru það sjálfbóðaliðarnir sem halda úti starfinu og án þeirra væri HK ekki starfrækt.

### Það er pláss fyrir alla hjá HK – iðkendur og sjálfbóðaliðar

Ef þú finnur þig ekki í íþróttinni getur þú farið sem dæmi í dómgæslu, liðstjórn, aðstoðað við þjálfun, setið í ráðum, stjórn, séð um fjáraflanir og margt fleira.

### Allir geta tekið þátt og haft áhrif. Hvernig?

Með því að taka þátt í stjórnnum, mæta á aðalfundi og aðra fundi, seta í nefndum og koma athugasemdum sínum á framfæri á viðeigandi stöðum.

### Hvert sný ég mér ef ég vill vera með.

Settu þig í samband við stjórnarmenn í viðkomandi stjórn og láttu vita af þér og að þú sért tilbúin(n) að koma að einstaka verkefnum. Mættu á fundi og komdu þínum sjónarmiðum á framfæri. Allar upplýsingar um stjórnarmenn er að finna á heimasíðu félagsins, [www.hk.is](http://www.hk.is)

### Án sjálfbóðaliða myndi ekkert félag vera til staðar

Þar sem HK er íþróttafélag og er starfrækt sem félagsstarf þá er nauðsynlegt að sem flestir komi að þeim mörgu verkefnum sem falla til innan félagsins. Aðeins starfsmenn skrifstofu, íþróttahúsa og þjálfarar þiggja laun fyrir sín störf, allt annað er framlag óeigngjarna sjálfbóðaliða sem koma úr röðum foreldra, eldri iðkenda og annara velunnara/félagsmanna HK.

### Án virkra félagsmanna er ekkert félag.

HK er eitt af 10 stærstu íþróttafélaögum landsins og því mörg verkefni sem falla til að halda félaginu gangandi og þannig að saman náist þau markmið sem stefnt er að í almennu heilbrigði iðkenda ásamt árangri. Því fleiri sem veru virkir félagsmenn eru innan félagsins verður starfið allt auðveldara og ekki síður skemmtilegra.

